

andanum 14. janúar 1876, með áritaðri kvittun um upphæð þess 117 kr. 63 a., ber áfrýjandanum Bessa Þorleifssyni að greiða hinum stefnda Eggerti verzlunarstjóra Laxdal kr. 418, 34 og málskostnað fyrir báðum rjettum með 25 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 1/1877:

Vígfús Þórarinsson

gegn

Sveini Árnasyni.

Dómur.

Ár 1874, hinn 25. aprílmánaðar, gjörðu bændurnir á Ytri-Sólheimum í Mýrdal, Vígfús Þórarinsson og Sveinn Árnason þá sætt millum sín fyrir rjetti, að Sveinn skyldi þá í fardögum láta af hendi til Vígfúsar undan ábúð sinni 3 hndr. 90 ál., sem er eign Vígfúsar, í Ytri-Sólheimum, en halda undir ábúð sinni 3 hndr. 90 ál. af eign Vígfúsar fyrst um sinn um 2 ára tíma. Báðir skyldu þeir þó reyna til að vera Sveini í útvegum með ábýlisjörðu, sem að álitu tveggja af sýslumanni Skaptfellinga útnefndra manna jafngilti þáverandi ábýlisjörðu Sveins. Tækist það að útvega Sveini ábýlisjörð á tjeðan hátt, skyldi hann skyldur til að sleppa við Vígfús ábúð á hinum öðrum 3 hndr. 90 ál., er Vígfúsi til heyra. Yrði hins vegar eigi búíð að útvega Sveini svo góða ábýlisjörð, sem að framan er ákveðið, að tveim árum liðnum, skyldi Sveinn taka alla sína ábýlisjörð, er hann hafði, þegar sættin gjörðist, aptur til ábúðar; en eigi að síður skyldu þeir báðir fram halda tilraun sinni með útvegum ábýlisjarðar handa Sveini, og skyldi hann jafnskyldur, og áður er ákveðið, til að sleppa við Vig-

fús þeim 7 hndr. 60 ál., er þá væru í ábúð hans, í næstu fardögum, eptir að honum hefði verið útveguð jörð til ábýlis. Vigfús fjekk nú leyfi til að mega byggja Sveini upp á 1 ár, eða fardagaárið 1875—76, jörðina Blikastaði í Mosfellssveit, er tveir menn, útnefndir af fyrjæðum sýslumanni, álitu fullkomið jafngildi þess ábýlis, er Sveinn hafði, þá er sættin gjörðist, og ljet Vigfús Svein vita þetta á vetrarvertíðinni 1875; en þrátt fyrir þetta sat þó Sveinn kyrr, er fardagar 1875 komu, og fór hvergi, því honum þótti það að, að Blikastaðirnir að eins væru byggðir sjer upp á 1 ár, og eins hafði ábúandinn á Blikastöðum sagt honum, að hann ætlaði að sitja kyrr, og hafði honum þó verið út byggt fyrir jólin (1874). Vigfús höfðaði þá mál gegn Sveini, og þótti hann rjúfa sættina. Á meðan á málinu stóð, fyrirbauð Sveinn Vigfúsi, að nota framvegis áminnt 7 hndr. 60 ál., því hann þóttist nú hafa rjett til að taka þau undir ábúð sína, þar eð sjer hefði eigi verið útvegað tilskilið jarðnaði innan 2 ára frá því sættin gjörðist. — 7. okt. 1876 fjell dómur í málinu, og var staðfest bann Sveins, og skyldi hann sýkn vera af kærnum og kröfum Vigfúsar. Vigfús skyldi, að viðlagðri 8 kr. sekt fyrir hvern dag, er hann drægi að hlýðnast dóminum eptir lögbirtingu hans, sleppa við Svein þeim 3 hndr. 90 ál. í Ytri-Sólheimum, er Sveinn hafði áður látið af hendi við hann eptir sættinni frá 1874; og undir sömu sekt skyldi Vigfús láta af hendi við Svein allan arð eða uppskeru af kartöflum þeim, er Vigfús þá um vorið hafði sett í garð Sveins, eða fullkomið verð þess; einnig skyldi hann svara Sveini 40 krónum, sem endurgjaldi fyrir óheimila og ofrikisfulla yrkingu á ábýlisjörðu Sveins, og 6 króna sekt til sveitarinnar, og enn fremur greiða skaðlaust allan af málinu löglega leiðandi kostnað; en dómi þessum hefur Vigfús skotið til

yfirdómsins, og krafzt, að hinn stefndi verði dæmdur til að láta af hendi við sig hin umræddu 7 hndr. 60 ál. í Ytri-Sólheimum, að svo miklu leyti stefndi hefði þau til umráða og afnota, samt lúka sjer 41 kr. 52 a. fyrir ólokin jarðargjöld og kúgildaleigur, og auk þess hæfingarlegar skaðabætur og málskostnað skaðlaust. Hinn stefndi hefur þar á móti krafzt þess einkum, að dómurinn yrði staðfestur.

Undirdómurinn hefur einkum byggt dóm sinn á því, 1. að heimild sú, er hinum stefnda var útveguð fyrir ábúð á jörðinni Blikastöðum, hafi verið byggð á útbyggingarbrjefi, dags. 15. des. 1874, sem hinn þar undirskrifaði Páll Eyjólfsson segist hafa út gefið eptir fullmakt hreppstjóra Þorláks Guðmundssonar á Miðfelli, dags. 10. júlí s. á., en þar fullmakt sú sje eigi fram komin undir rekstri málsins, sje það með öllu ósannað, að hún hafi nokkurn tíma til verið, eða að Páll hafi haft nokkurt vald til að út byggja ábúandanum; 2. sje ekki heldur nokkur gild sönnun fram komin fyrir því, að ábúanda Blikastaða hafi verið birt nokkurt útbyggingarbrjef á löglegan hátt; 3. megi álíta, að þessi útbygging hafi í sjálfri sjer verið ófyrirsynju útgefin, og ástæðulaus, þar ábúandanum ekkert sje gefið að sök, hvers vegna hann ætti að hafa fyrirgjört ábúðarrjetti sínum; og 4. verði eigi annað sjeð, en að ábúandinn, sem nokkru fyrir útbygginguna hafi verið boðin jörðin til kaups, og fengið sjer hana afsalaða 31. júlí 1875, hafi verið einráðinn í því, að sleppa eigi ábúðinni. En að því, er ástæður þessar snertir, þá ber að geta þess, hvað þá undir tölulíð 1. nefndu ástæðu áhrærir, að eins og hinn stefndi eigi vefengdi fyrir undirrettinum, að Páll hefði haft umboð eiganda Blikastaðanna til að byggja ábúandanum þar út, svo áfrýjandinn enga næga ástæðu hafði til að leggja áminnt umboðsbrjef þar fram, svo

hefur nú áminnt umboðsbrjef komið fram fyrir yfir-
 dóminn. Hvað þá undir tölulið 2. nefndu ástæðu snert-
 ir, þá fellur hún í burtu, því stefnuvottaruir hafa ritað
 á útbyggingarbrjefið, eptir því sem dæma er af skjölum
 málsins, vottorð sitt um það, að þeir hafi birt það á-
 búandanum á Blikastöðum, og staðfest þetta undir áð-
 ur unninn stefnuvottaði, með undirskrifudum nöfnum
 sínum. Að vísu hafa þeir eigi sett signet sín undir
 vottorð sitt, og áfrýjandinn hefur heldur eigi fram lagt
 vottorð sýslumanns um það, að tjeðir menn væru stefnu-
 vottar; en til þess, að bæta úr þessu, hafði hann enga
 ástæðu, þar sem hinn stefndi eigi ljét í ljósi neinn efa
 um það, að útbyggingarbrjefið mundi hafa verið birt á-
 búandanum, eins og sagt er í vottorðinu. Við ástæðu
 þá, sem nefnd er undir tölulið 3., er það aðgætandi, að
 eptir byggingarbrjefi ábúandans á Blikastöðum, er hon-
 um var gefið af eigandanum 28. desbr. 1868, og fram
 lagt hefur verið í yfirdóminum, er honum að eins byggð
 jörðin til eins árs, og lengur, ef um semdi. Eigandinn
 þurfti því eigi að til greina í útbyggingarbrjefinu, hvers
 vegna hann eigi vildi hafa hann þar lengur, einungis
 að hann birti honum útbygginguna í tæka tíð, sem hann
 gjörði. Og hvað loksins snertir ástæðuna undir tölulið
 4., þá getur það alls eigi skipt málum, þó ábúandinn
 hafi verið einráðinn í því, að sleppa eigi ábúðinni, því
 eins og áður er sagt, var það eigi komið undir vilja
 hans, hvort hann færi eða ekki. Eins sannar það og
 ekkert honum í vil, þó honum, nokkru áður en útbygg-
 ingin fram fór, hafi verið boðin jörðin til kaups, úr því
 hann þá eigi þáði það tilboð, eða þótt hann löngu eptir
 fardaga 1875 fengi jörðina keypta. Hinn stefndi kveðst
 hafa verið óánægður með bygginguna, af því hún eigi
 hljóðaði nema upp á 1 ár, en í sættinni 1874 er eigi
 tilgreint, að honum skyldi útvega jörð til ábúðar í fleiri

ár. — Af framantjeðum ástæðum ber að dæma hinn stefnda skyldan til, að láta úr ábúð sinni framannefnd 7 hndr. 60 ál. til áfrýjandans, og endurgjalda honum, eptir tveggja óvilhallra dómkvaddra manna mati, skaða þann, er hann hefur beðið af því, að fá eigi full afnot áminnztra 7 hndr. 60 ál. í fardögum 1875.

Svo ber og eptir þessum úrslitum málsins að dæma áfrýjandann sýknan af kærur og kröfum hins stefnda í máli þessu. Að því er kröfu áfrýjandans um 41 kr. 52 a. snertir, þá hefur hann eigi sannað þessa kröfu svo, að hún verði tekin til greina, og ber því að dæma hinn stefnda sýknan af henni. Málskostnaður fyrir báðum rjettum virðist eptir kringumstæðunum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn stefndi Sveinn Árnason á að láta úr ábúð sinni hin umræddu 7 hndr. 60 ál. úr jörðinni Ytri-Sólheimum í Mýrdal til handa áfrýjandanum, Vigfúsi Þórarinssyni, og endurgjalda honum, eptir tveggja óvilhallra dómkvaddra manna mati, skaða þann, er áfrýjandinn hefur beðið af því, að fá eigi full afnot tjeðra 7 hndr. 60 ál. í fardögum 1875. Að öðru leyti eiga málspartarnir að vera sýknir hvor af annars kærur og kröfum í máli þessu. Málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna eptir lögbirtingu hans, undir aðför að lögum.